

Beint flug frá Akureyri

Wroclaw

29. apríl - 3.maí 2026 (1.maí / frídagur)



Besti áfangastaður Evrópu árið 2018

Kompaníferðir

Hagstæð og heillandi perla í Póllandi

Wrocław er fullkominn staður fyrir árshátíðina – heillandi borg í hjarta Póllands með einstaka blöndu af sögu, litríkum byggingum og skemmtilegu, lifandi mannlífi. **Borgin er ein af stærstu í Póllandi** og þekkt fyrir ríkt menningar- og háskólasamfélag.






Gullfalleg kennileiti

Wroclaw býður upp á menningarperlur líkt og Rynek markaðstorgið, gotnesku dómkirkjuna og hinn fræga japanska Szczytnicki garð.

Einnig er tilvalið að fara í spennandi bátsferð á Odra-ánni, leita að dvergastyttum sem eru víðsvegar um borgina, njóta kvöldverðar á glæsilegum veitingastöðum eða fá sér drykk á barnum.

Fyrir þá sem vilja kíkja í verslunarleiðangur er borgin rík af skemmtilegum verslunum og verslunarmiðstöðum.





Fjölbreytt matarmenning

Świdnicka Cellar

Í kjallara ráðhússins við markaðstorgið í Wrocław leynist Świdnicka Cellar, einn elsti starfandi veitingastaður í Evrópu, opnaður árið 1273.

Hér getur þú notið klassískar pólskrar og mið-evrópskrar matargerðar í sögulegu umhverfi. Fullkominn staður fyrir þá sem vilja blanda góðum mat og sögu saman í einni máltíð.



Ragu Pracownia Makaronu

Ragu er paradís fyrir pastaaðdáendur. Hér er allt útbúið frá grunni með fersku hráefni í hugmyndaríkum og djörfum útgáfum. Fullkominn staður fyrir afslappaðan hádegisverð eða kvöldmat.

Staðurinn er nútímalegur með opið eldhús, hlýlegt umhverfi og vinalaga þjónustu.



Restauracja Konspira

Restauracja Konspira býður upp á hefðbundna pólska matargerð í hlýlegu umhverfi. Á matseðlinum má finna klassíska rétti á borð við bigos, pierogi og steikta önd.

Einstaklega góð kynning á pólskri matargerð og matarmenningu borgarinnar.

Campo Modern Grill

Campo Modern Grill er einn glæsilegasti veitingarstaður Wrocław. Staðurinn sérhæfir sig í hágæða nautasteikum, vönduðu meðlæti og gæða-vínseðli.

Þjónustan er fyrsta flokks og andrúmsloftið hlýlegt og fágað. Staðurinn er fullkominn fyrir sérstök tilefni og þá sem vilja gera sér glaðan dag.



Barir

Przedwojenna

Przedwojenna er einstakur bar sem fangar anda gamla Wroclaw með heillandi innréttingu og notalegri stemningu. Barinn býður upp á fjölbreytt úrval handverksbjóra, klassískra kokteila og sérvalinna vína.

Barinn er góður kostur fyrir þá sem vilja njóta góðs drykkjar í afslöppuðu umhverfi, og ekki skemmir fyrir að hægt sé að setjast út í góða veðrið.



Moravia vínbar

Moravia vínbar sérhæfir sig í vínnum frá Mið-Evrópu, með áherslu á lífræna og náttúrulega framleiðslu. Staðurinn er staðsettur í notalegu hverfi skammt frá gamla bænum þar sem gestum býðst að smakka óhefðbundin vín í hæsta gæðaflokki.


Útisvæði staðarins er fallegt og sérstaklega notalegt á sumrin þar sem hægt er að sitja í sólinni með ferskt hvítvínsglas.



Verslunarmiðstöðvar

Wroclaw býður upp á margar stórar verslunarmiðstöðvar þar sem hægt er að finna helstu merkjavörur og búðir á einstaklega hagstæðu verði.

Gott að
versla





Renoma verslunarmiðstöðin

Renoma verslunarmiðstöðin sameinar sögu og nútímann í glæsilegu umhverfi í miðbæ Wrocław. Þar eru yfir 120 verslanir, þar á meðal vinsæl merki á borð við Mango, Massimo Dutti, Douglas og TK Maxx.

Auk verslana býður Renoma upp á fjölbreytta veitingarstaði og kaffihús. Byggingin sjálf er ein af þekktustu kennileitum Wrocław og veitir verslunarmiðstöðinni sögulegan svip.

Wroclavia verslunarmiðstöðin

Nýleg og glæsileg verslunarmiðstöð með yfir 180 verslunum. Þar má finna verslanir líkt og Zara, Pull&Bear, Estée Lauder, Sephora og BOSS, svo eitthvað sé nefnt.

Hluti miðstöðvarinnar er tileinkuð skemmtun og afþreyingu þar sem finna má kvikmyndahús, matmarkað og fjölbreytt úrval veitingastaða.





Merkileg söfn og fallegir garðar

Wroclaw er heimkynni fjölmargra safna og garða. Þar á meðal Þjóðminjasafnið og Japanski garðurinn í Szczytnicki Park.



Þjóðminjasafnið

Þjóðminjasafnið í Wrocław er eitt merkasta listasafn Póllands, staðsett í sögulegri byggingu við árbakka Odru. Þar er að finna stórt safn listar, allt frá miðöldum til nútímans eftir þekktu pólska og evropska listamenn.

Safnið sameinar sögu, menningu og list í glæsilegu umhverfi.



Japanski garðurinn - Szczytnicki Park

Japanski garðurinn er fallegur og friðsæll staður í hjarta Wrocław.

Japanski garðurinn er vinsæll meðal heimamanna, sem og ferðamanna sem leitast eftir náttúrufegurð og staða þar sem hægt er að slaka á.

Verð & gisting

Eftirfarandi eru verðviðmið á hótélum sem við störfum með í Wrocław en listinn er ekki tæmandi og hægt er að biðja um önnur hótél.

Bed&Breakfast

179.900kr.- á mann í tvíbýli



HP Park Plaza

184.500kr.- á mann í tvíbýli



Wyndham Old Town

189.500kr.- á mann í tvíbýli





*Kompaníferðir getur ekki ábyrgst að hótél séu enn laus þegar viðskiptavinir bóka. Ef valið hótél er fullbókað munum við finna saman viðeigandi lausn.



Bed&Breakfast



Staðsett í miðbænum, stutt frá “gamla bænum” í Wrocław.
Hótelíð býður upp á nútímaleg herbergi með vinnuborði,
flatskjásjónvarpi með afþreyingu.





HP Park Plaza

HP Park Plaza er fjögurra stjörnu hótél staðsett við Óder-ána, um 10 mínútna göngufjarlægð frá dómkirkju Wrocław. Hótelið býður upp á rúmgóð og loftkæld herbergi með gólfhita, gervihnattasjónvarpi og ókeypis Wifi.








Wyndham Wrocław Old Town

Wyndham Wrocław Old Town er aðeins í **nokkurra metra fjarlægð frá aðal torginu** í Wrocław. Herbergin eru loftkæld, með sérbaðherbergi og ókeypis Wi-Fi í sameiginlegum rýmum.

Í herbergjunum eru te- og kaffivélar, kapalrásir og skrifborð.



Nýuppgert



Fyrirtæki á ferð og flugi

Það er okkur heiður að hafa fengið að vinna með fjölda fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi, stórra sem smárra, og skapa minningar sem endast.



Heyrðu í okkur!

Byrjum að skipuleggja þína ferð



info@kompaniferdir.is



433-4000



Skútuvogur 1B, 104 Reykjavík



www.kompaniferdir.is



Kompaníferðir